

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Akraness 2005-2017, svæði við golfvöll.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 15. febrúar 2008 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akraness 2005-2017 frá 26. apríl 2006.

Breytingin felst í því að 2,2 ha opið svæði fyrir tjaldstæði og gistiþjónustu sunnan Garðalundar breytist í svæði fyrir verslun og þjónustu þar sem fyrirhugað er að reisa hótél sem þjóni m.a. starfsemi golfvallarins.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytinu, 15. febrúar 2008.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

\_\_\_\_\_  
*Logi Kjartansson.*